



Til bæjarstjórnar Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Óskað samstarfs um mat á verðgildi Smalaholts

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar kt. 490389-1139 óskar eftir samstarfi við Garðabæ um að gert verði faglegt mat á verðgildi skógarins, stíga og áningastaða á umsjónarsvæði Skógræktarfélagsins í Smalaholti í landi Vífilsstaða.

Félagið hefur ræktað þar skóg og byggt upp útivistarsvæði frá 1988 með gerð útivistarstíga, bekkja meðfram stígum og áningastaðar í Furulundi með grillaðstöðu og borðum. Nú síðari ár hefur verið unnið að grisjun skógarins svo hann sé alltaf sem best aðgengilegur til útivistar. Einnig með því að skapa jólastemningu með opnum jólasjógi í desember.

Smalaholtið er skógræktarfélagum í Garðabæ mjög kært, svæðið var fengið til umsjónar til skógræktar af stjórn Ríkisspítalanna árið 1988. Sem var forsenda þess að stofna skógræktarfélag í bænum þann 24. október 1988, félagið er því 30 ára í ár.

Við upphaf stofnunar félagsins myndaðist góð samstaða um Smalaholtið, þannig að flest félagasamtök í Garðabæ auk grunnskólanna þáðu boð og fengu úthlutað reitum um 1 ha í Smalaholti til að rækta sér sinn yndisskóg sem hefur gengið eftir með fallegum útivistarskógi.

Frá upphafi hefur Skógræktarfélag Íslands verið aðili að skógrækt í Smalaholti, þar má nefnda að landsátakið um Landgræðsluskóga hófst á Smalaholti 10. maí 1990 þegar frú Vigdís Finnbogadóttir forseti gróðursetti fyrstu plönturnar í örfoka landið ásamt þingmönnum, bæjarfulltrúum og almenningi.

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar telur rétt að fari fram mat á Smalaholti sem hugmyndir eru um að fari undir golfvöll.

Leitað hefur verið upplýsinga um framkvæmd á slíku mati sem gerð hafa verið t.d. á skógrækt ofan Neskaupsstaðar, Eskifjarðar og Ísafjarðar vegna snjóflóða- og aurvarnargarða.

Lagt er til að farin verði sú leið sem mörkuð var með samkomulagi frá 8. júní 2015 milli Ofanflóðasjóðs og Skógræktarfélags Íslands. Þar voru markaðar skýrar reglur um mat og verðmæti trjágróðurs auk þess sem getið er um hvernig framkvæmd er háttáð við gerð þess. Þar er horft til þess að tveir til þess bærir aðilar vinni að gerð matsins. Stjórn félagsins leggur til að horft verði til reynslu sambærilegs verkefnis og um er að ræða í Smalaholti. Leitað verði eftir fagþekkingu þeirra aðila sem hafa mesta reynslu hér á landi við gerð slíks mats.

Það er betra að meta skóginn á fæti en fallinn.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktarfélags Garðabæjar
Erla Bil Bjarnadóttir, formaður